



Alþingi  
Erindi nr. P/138/1003  
komudagur 22.1.2010

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. skjalaskráningar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Landspítala, 22. janúar 2010

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/007, með síðari breytingum


Eftirfarandi er umsögn framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, þskj. 360, 308. mál en með bréfi frá heilbrigðisnefnd Alþingis, dags. 11. janúar 2010, sem barst með tölvupósti til skrifstofu forstjóra Landspítala, var gefinn frestur til 25. janúar 2010 til umsagnar.

### Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

#### 1. gr.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á 2. og 3. mgr. 10. gr. gildandi laga um heilbrigðisþjónustu eru eðlilegar. Í 3. mgr. kemur fram að fagstjórnendur beri faglega ábyrgð á sínu fagi og því óeðlilegt og ónauðsynlegt að taka það sérstaklega fram að læknar og hjúkrunarfræðingar beri slíka ábyrgð. Á Landspítala starfa sálfræðingar, félagsráðgjafar, prestar, sjúkraþjálfarar, ljósmæður, og fleira fagmenntað fólk hverra yfirmenn bera að sjálfsögðu faglega ábyrgð á starfsemi sinna starfseininga.

Virðingarfyllt,



f.h. framkvæmdastjóra lækninga Landspítala

Dagrún Hálfánardóttir, lögfræðingur